

**459. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, miðvikudaginn 9. október 2013
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS) Formaður, Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) Aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Björgvin Smári Haraldsson (BSH) Aðalmaður, Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB) 2. varamaður, Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari og Indriði Indriðason Embættismaður.

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, Ritari

Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun. Svo var ekki. Oddviti óskaði eftir afbrigði, á dagskrá yrði tekinn undir 9.tl. Samþykktir um stjórn Tálknafjarðarhrepps. Aðrir liðir færast neðar sem því nemur. Oddviti lýsti fundinn lögmætan.

Fjarverandi er Birna Benediktsdóttir í h.s.Guðlaug Björnsdóttir 2. varamaður.

Dagskrá:

- 1. 1309046 - 83. fundur stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða.**
Lagt fram til kynningar.
- 2. 1309092 - Stjórn Minjasafns Egils Ólafssonar, 93 fundur stjórnar, 12. september 2014.**
Fundargerðin er lögð fram til kynningar, en sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps vill þakka fráfarandi stjórn Minjasafns Egils Ólafssonar að Hnjóti fyrir gott starf á undanförunum árum.
- 3. 1309090 - Umsókn um leyfi til hundahalds í Tálknafirði.**
Samþykkt samhljóða.
- 4. 1309089 - Umsókn um leyfi til hundahalds í Tálknafirði.**
Samþykkt samhljóða.
- 5. 1309097 - Gjaldskrá um sorphirðu og sorpeyðingu.**
Tillaga að gjaldskrá er samþykkt af hálfu sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps og er vísað til Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða til umsagnar.
- 6. 1309099 - Reglur um tekjutengdan afslátt hjá elli- og örorkulífeyrisþegum 2014.**
Samþykkt samhljóða.

7. 1309098 - Tillaga að álagningarprósentum, afslættir og gjaldskrár fyrir árið 2014.

Álagningarprósenta Útsvars fyrir árið 2014 verður 14,48%
Fasteignaskattur verður sem hér segir:

A - 0,50 % af fasteingamati; íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

B - 1,32% af fasteignamati; Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

C - 1,65% af fasteignamati; Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu. allra annarra fasteigna með tilh. lóðum, þó að undanskildum.

3. Lóðarleiga; 2,0% af fasteignamati íbúðarhúsa, eða þeirra eigna sem falla undir fasteingir samkvæmt A- lið hér að ofan en 3% af lóðum sem falla undir C lið.

4. Vatnsgjald; 0,25% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins og eru í A- flokki. Vatnsgjald eigna sem falla undir C. lið er 0,5%

5. Tengigjöld í Vatnsveitu Tálknafjarðarhrepps er samkvæmt sérstakri gjaldskrá.

6. Fráveitugjald; 0,30% af fasteignamati húss og tilh. lóðar.

7. Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld skv. sérstakri gjaldskrá.

Gjalddagar liða nr. 2, 3, 4, 7 og 9 eru 1/2, 1/3, 1/4, 1/5, 1/6, 1/7 og 1/8. 2014. Þar sem fasteignagjöld verða samtals kr. 25.000 eða lægri skal þó aðeins vera einn gjalddagi þann. 1. febrúar 2014. Eindagi er síðasti virki dagur í sama mánuði og gjalddaga.

Fasteignaeigendum 67 ára og eldri og öryrkjum 75% og meira, sem búa í eigin íbúðarhúsnæði, skal veittur afsláttur af fasteignaskatti og holræsagjaldi af viðkomandi íbúðarhúsnæði skv. reglum samþ. af sveitarstjórn.

8. Hunda- og kattaleyfisgjald er samkvæmt sérstakri gjaldskrá.

9. Byggingarleyfisgjöld, afgreiðslu-, úttekta og mælingagjöld skipulags- og bygginganefndar og skipulags- og byggingafulltrúa leggjast á skv. sérstakri gjaldskrá.

Að öðru leyti gilda lög um tekjustofna sveitarfélaga og gjaldskrár um viðkomandi tekjuliði.

Samþykkt þessi um álagningarprósentur, afslætti og gjaldskrár skal birt á hefðbundnum auglýsingastað ákvarðana hreppsnefndar.

8. 1309100 - Reglur um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka skv. 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Samþykkt samhljóða.

9. 1310014 - Samþykkt um stjórn Tálknafjarðarhrepps.

Sveitarstjóra og oddvita falið að vinna að lokatillögu að samþykktum um stjórn Tálknafjarðarhrepps ásamt lögmanni og leggja svo loka tillögu fyrir sveitarstjórn.

Samþykkt.

10. 1309106 - Stofnmat á refum á Vestfjörðum, erindi dags. 25.9 2013.

Sveitarstjóra er falið að svara bréfitara.

Samþykkt samhljóða.

11. 1309105 - Enduvinnsla og úrgangsmál. erindi dags. 17.september 2013.

Sveitarstjóra falið að svara bréfitara.

Samþykkt samhljóða.

12. 1309104 - Styrkumsókn vegna skólaferðalags.

Sveitarstjóri skýrði frá beiðni barna í tíunda bekk um styrk vegna væntanlegrar vorferðar 10. bekkjar.

Sveitarstjóra falið að koma með tillögu fyrir næsta fund.

Samþykkt samhljóða.

13. 1309110 - Upplýsingagjöf sveitarstjóra.

Sveitarstjóri fór yfir drög að tekjuáætlun Gert er ráð fyrir að skatttekjur hækki um 4% á milli ára.

Reiknað er með að tekjur aðalsjóðs verði 225 milljónir og heildartekjur samstæðu A- og B hluta verði 306 milljónir króna.

Sveitarstjóri sagði frá yfirferð sem farin var í stofnanir og þar sem skoðuð var viðhalds- og fjárfestingaþörf næstu ára.

14. 1309109 - Umsókn um lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf.

Afgreiðslu frestað.

15. 1309108 - Umsókn um námsvist fyrir MBB í Grunnskóla Tálknafjarðar. erindi dag 23. september 2013.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti framkomna umsókn um skólavist í Grunnskóla Tálknafjarðar.

Samþykkt samhljóða.

16. 1309107 - Íbúamiðstöð Tálknafjarðar. Starfsáætlun.

Sveitarstjórn samþykkir framlögð drög að starfsáætlun fyrir íbúamiðstöð

Tálknafjarðar. Jafnframt er samþykkt að hækka viðmiðunarramma vegna launaliða fyrir félagsstarf aldraða vegna ársins 2014 um 500 þús. kr. Einnig er samþykktur viðauki við fjárhagsáætlun að upphæð 120 þús kr. vegna sömu liða vegna ársins 2013. Samþykkt samhljóða.

17. 1309111 - Erindisbréf fjallskilanevndar.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti framlögð drög að Erindisbréfi fyrir fjallskilanevnd. Samþykkt samhljóða.

18. 1309102 - Málþing um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks, 27.september 2013.

Lagt fram tilkynningar.

19. 1309072 - Sýslumðurinn á Patreksfirði sækir um heimild til að afskrifa óinnheimtanleg þing og sveitarsjóðsgjöld.

Fundi lokað. Fært í trúnaðarmálabók.

20. 1309112 - íbúáþing.

Fundur opnaður. Sveitarstjóri skýrði frá hugmyndum um íbúáþing sem haldið verður á Tálknafirði á næstunni. Lagt fram til kynningar.

21. 1309070 - Sérstakt strandveiðigjald til hafna.

Til kynningar.

22. 1309044 - Kynning: Lögmannsþjónusta fyrir sveitarfélagið og landeigendur vegna þjóðlendumála.

Til kynningar.

23. 1309095 - Minjasafns Egils Ólafassonar, Söfnunar- og sýningastefna.

Til kynningar.

24. 1309073 - Yfirlýsing vegna skila á lóð. Ásgarður fnr. 233-6932

Til kynningar.

25. 1309047 - Afturköllun á starfsábyrgðartrygginu

Til kynningar.

26. 1309045 - Ágóðahlutagreiðsla 2013

Til kynningar.

27. 1309094 - Minjasafn Egils Ólafssonar, Stofnskrá 2013.

Til kynningar.

28. 1309103 - Fræðsluþing um ofbeldi gegn börnum. erindi 25. september 2013.

Til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:40.
